



Umhverfis- og loftslagsstefna Fjölbrautaskólans í Breiðholti

Framtíðarsýn

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB) ætlar að vera fyrirmynd í umhverfis- og loftslagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi skólans í lágmarki. Skólinn mun leggja sitt af mörkum til að skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu verði náð og mun þannig taka virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar. FB mun til framtíðar vinna að stöðugum umbótum í umhverfismálum.

Yfirmarkmið

FB ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á ársverk um 40% fyrir árið 2030 frá árinu 2019 að telja. Skólinn stefnir einnig að kolefnishlutlausri starfsemi með því að kolefnisjafna alla eftirstandandi losun frá árinu 2022.

Gildissvið

Stefna þessi tekur til umhverfisáhrifa af innri rekstri FB og varðar alla starfsemi skólans. Reynt verður eftir megni að mæla þá umhverfispætti sem falla undir umfang stefnunnar.

Umfang

Umhverfis- og loftslagsstefna FB fjallar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt leiðbeiningum um loftslagsstefnur opinberra aðila en jafnframt um umhverfisáhrif stofnunarinnar í víðara samhengi. Stefnan tekur til eftirfarandi umhverfispáttá sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni:

Samgöngur

- Losun GHL vegna aksturs á bifreiðum vegna reksturs skólans (t.d. leigubifreiðar, hópferðabifreiðar og akstursdagbækur).
- Losun GHL vegna flugferða starfsmanna og nemenda.
- Fjöldi samgöngusamninga sem skólinn gerir við starfsmenn.

Orkunotkun

- Losun GHL vegna rafmagnsnotkunar í byggingum skólans.
- Heitavatnsnotkun í byggingum skólans.

Úrgangur

- Losun GHL vegna lífræns úrgangs
- Losun GHL vegna blandaðs úrgangs
- Heildarmagn úrgangs sem fellur til
- Magn útprentaðs pappírs
- Endurvinnsluhlutfall sorps sem til fellur í skólanum.

Innkaup og efnisnotkun

- Magn pappírs og prentþjónustu.
- Hlutfall umhverfisvottaðs pappírs og prentþjónustu.
- Magn ræsti- og hreinsiefna, svo og ræstiþjónustu sem skólinn kaupir
- Hlutfall umhverfisvottaðra ræsti- og hreinsiefna, svo og ræstiþjónustu sem stofnunin kaupir
- Magn efnis og efna sem skólinn kaupir vegna kennslu verk- og raungreina



- Hlutfall umhverfismarkmiða Sameinuðu þjóðanna: Loftslagsmál og sjálfbærni eru í stefnuskrá skólans.

Áherslur skólans í umhverfis- og loftslagsmálum

- FB er skóli heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna: Loftslagsmál og sjálfbærni eru í stefnuskrá skólans.
- Við fræðum starfsfólk og nemendur um loftslags- og umhverfismál og um innra umhverfisstarf
- Við fylgjum Grænum skrefum og skilum Grænu bókhaldi
- Við drögum úr losun GHG vegna samgangna, m.a. í erlendu samstarfi
- Við aukum endurvinnslu og drögum úr úrgangsmýndun og þar með á losun GHG vegna úrgangs
- Við hugum að orkusparnaði og drögum úr losun GHG vegna orkunotkunar
- Við ástundum umhverfisvæn innkaup
- Við kolefnisjöfnum losun okkar með ábyrgum hætti
- Við kynnum okkur tæknilegar lausnir sem auðvelda umhverfisstarf
- Skjölun er rafræn, nema í tilfellum þar sem pappírseintaks er sérstaklega krafist
- Kynningarefni og upplýsingar frá skólanum er fyrst og fremst sent út á rafrænu formi
- Vegna funda og viðburða á vegum skólans skulu fundarboð og fundargögn vera á rafrænu formi.

Eftirfylgni

Grænt bókhald skólans tekur saman þýðingarmestu umhverfisþætti í starfseminni. Niðurstöður bókhaldsins eru notaðar til að endurskoða bæði stefnu og aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum.

Fyrir 1. apríl ár hvert er Grænt bókhald fyrra árs tekið saman og því skilað í Gagnagátt Umhverfisstofnunar. Fjármála- og rekstrarsvið FB heldur utan um umhverfisbókhald skólans.

Umhverfis- og loftslagsstefna skólans er rýnd árlega af yfirstjórn skólans og eru áherslur, markmið og aðgerðaáætlun uppfærð þegar niðurstöður Græns bókhalds liggja fyrir.

Niðurstöðum Græns bókhalds og árangri umhverfis- og loftslagsstefnu verður miðlað til samfélagsins á vef FB og í rafrænni ársskýrslu ár hvert. Einnig birtast niðurstöður Græns bókhalds á heimasíðu Grænna skrefa ásamt niðurstöðum annarra ríkisstofnana.

Stefnan samþykkt á stjórnendafundi skólans, 8. desember 2021.

Umhverfis- og loftslagsstefna Fjölbrotaskólans í Breiðholti tekur mið af:

- [Leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um loftslagsstefnur opinberra aðila](#)
- [Skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu](#)
- [Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum](#)
- [Yfirlýsingu forstöðumanna stofnana umhverfis- og auðlindaráðuneytis um samdrátt í losun GHG og kolefnishlutleysi](#)
- [Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna](#)
- [Grænum skrefum](#)

